



## Umboð heimilismanns til upplýsingaöflunar vegna umsóknar um húsnæðisbætur.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skulu allir heimilismenn, 18 ára og eldri, sem búsettir eru í leiguhúsnæði veita skriflegt umboð fyrir því að Vinnumálastofnun afli nauðsynlegra upplýsinga og gagna til að afgreiða umsókn um húsnæðisbætur og framfylgja lögnum að öðru leyti.

Nafn heimilismanns:	Kennitala:
Netfang:	Sími:

### Upplýsingar um leiguhúsnæði sem óskað er eftir húsnæðisbótum fyrir

Fastanúmer leiguhúsnæðis:	Heimilisfang:
---------------------------	---------------

### Tekjur og eignir heimilismanns

Áætlaðar tekjur heimilismanns á mánuði:

Hér skal færa inn áætlaðar mánaðartekjur (heildartekjur fyrir skatt, þ.e. brúttó laun). Þ.e. allar skattskyldar tekjur, t.d. laun, eftirlaun, lífeyrir, tryggingabætur, örorkubætur, styrki og verðlaun. Einnig fjármagnstekjur s.s. leigutekjur, vaxtatekjur, arðgreiðslur og hagnað af sölu fasteigna eða hlutabréfa.

Nettóeign heimilismanns:

Hér skal færa inn nettóeign. Þ.e. allar eignir mínus allar skuldir. Eignir geta t.d. verið innistæður á bankareikningum, bílar, hjólhýsi, mótórhjól, fasteignir og hlutabréfaeign.

Á undirritaður rétt á vaxtabótum?  Já  Nei

### Upplýsingagjöf til sveitarfélaga

Vinnumálastofnun er heimilt að veita sveitarfélögum upplýsingar um forsendur og útreikning húsnæðisbóta umsækjanda og heimilismanna að fengnu umboði þeirra. Upplýsingar eru veittar svo unnt sé að meta þörf á frekari húsnæðisstuðningi frá sveitarfélagi þínu. Ath. að samþykki fyrir upplýsingagjöf til sveitarfélaga er ekki skilyrði fyrir greiðslum húsnæðisbóta en kann að vera forsenda fyrir frekari húsnæðisstuðningi frá sveitarfélagi þínu.

Ég gef Vinnumálastofnun umboð til að veita sveitarfélögum upplýsingar um rétt minn til húsnæðisbóta.

Með undirritun heimilar undirritaður Vinnumálastofnun að afla upplýsinga frá skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna, sveitarfélögum, sýslumönnum, leigusala íbúðarhúsnæðis og viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að afgreiða umsókn í samræmi við lög um húsnæðisbætur. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Undirritaður skal tilkynna Vinnumálastofnun þegar í stað um breytingar á högum sínum og heimilisaðstæðum eða öðrum atriðum sem áhrif geta haft á rétt til húsnæðisbóta.

Undirskrift heimilismanns

dagsetning

Mótttekið dags: